

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Oddeyrar, suðurhluti.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 21. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Oddeyri, suðurhluta.

Breytingin tekur til lóða Gránufélagsgötu 22-24 og felur í sér að á lóð Gránufélagsgötu 22 verði leyft að byggja 2 hæða einbýlishús sem tengja má við gömlu smiðjuna sem fyrir er á lóðinni. Smiðjuna má nýta sem hluta íbúðar, vinnustofu, geymslu eða undir atvinnustarfsemi sem ekki er truflandi fyrir nærumhverfi sitt. Á lóð Gránufélagsgötu 24 verður núverandi byggingarreitur felldur úr gildi og í stað hans gert ráð fyrir parhúsi eða fjölbýlishúsi með 2-4 íbúðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 2. janúar 2024,*

**Einar Sigþórsson** verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 16. janúar 2024